

Umhverfis- og samgöngunefnd

Skrifstofa Alþingis - Nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2013.

Enfi: 84. mál - Breytt framtíðarskipan refaveiða á Íslandi - þingsályktunartillaga

Í tilefni af þingsályktunartillögu um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi var eftirfarandi ályktun samþykkt á aðalfundi Æðarræktarfélags Íslands 2012.

Ályktun um refaveiðar:

Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands haldinn í Reykjavík laugardaginn 10. nóvember 2012 fagnar þingsályktunartillögu um breytta skipan refaveiða á Íslandi. Þingsályktunartillagan stuðlar að því að halda refastofninum innan eðlilegra marka og draga þannig úr tjóni af völdum refs. Æðarræktarfélag Íslands leggur þunga áherslu á að þingsályktunartillagan verði samþykkt og umhverfis- og auðlindaráðherra verði falið að breyta skipan refaveiða á Íslandi.

Þá voru einnig samþykktar eftirfarandi ályktanir:


Ályktun um minkaveiðar:

Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands haldinn í Reykjavík laugardaginn 10. nóvember 2012 skorar á stjórnvöld að leggja fram sambærilega tillögu um breytta skipan á minkaveiða á Íslandi og lögð hefur verið fram um breytta skipan refaveiða á Íslandi. Tillagan miði að því að stuðla að útrýmingu villts minks á Íslandi. Tryggja verður að reglur um minkabú og eftirfylgni með þeim séu með þeim hætti að minkar sleppi ekki með nokkru móti úr búrum og húsum minkabúa út í náttúruna. Ennfremur að minkabú taki þátt í kostnaði við útrýmingu minks á meðan minkar finnast á landinu og taki þar með að hluta þátt í að bæta það tjón sem leiðir af starfsemi. Sem lið í virku eftirliti með loðdýrabúum og starfsemi verði séð til þess að öll lífdýr í loðdýrabúum verði örmerkt í framtíðinni. Það eru miklir hagsmunir æðarbænda og íslenskrar náttúru að þetta innflutta aðskotadýr hverfi af landinu.

Ályktun um endurgreiðslu virðisaukaskatts af refa- og minkaveiðum:

Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands haldinn í Reykjavík laugardaginn 10. nóvember 2012 skorar á Alþingi að samþykkja frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Til að hvetja til veiða á ref og mink er brýnt að virðisaukaskattur af veiðunum fáiist endurgreiddur í stað þess að nota veiðarnar sem tekjustofn fyrir ríkissjóð eins og nú er gert.

Fyrir hönd Æðarræktarfélags Íslands,


Guðrún Gauksdóttir, formaður